15.9.26

Óskað er eftir umræðu á fundi bæjarráðs um framkvæmdir við gatnamót Nýbýlavegar, Ástúns og Þverbrekku.

Undirritaður hefur ekki fundið fundargerð þar sem umrædd framkvæmd og þær breytingar sem henni fylgja hafa verið lagðar fyrir eða samþykktar af kjörnum fulltrúum.

Mikilvægt er að upplýst verði um hvernig ákvörðun um framkvæmdina var tekin, hvaða gögn og forsendur lágu að baki henni og hvort hún hafi hlotið formlega afgreiðslu.

Í ljósi reynslunnar af breytingum á umferðarskipulagi við Smáralind telur undirritaður mikilvægt að bæjarráð fari yfir málið áður en lengra er haldið.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026